



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2014-U012**

Dagsetning: **28. ágúst 2014**

Staðsetning: **Hafnarvegur**

Atvik: **Árekstur þriggja bifreiða**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miðað að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Staðsetning



Aðstæður

Veður og birta:

Bjart, 13°C, NA 5 m/s

Vegur:

Bundið slitlag. Þurrt yfirborð. Hámarkshraði 90 km/klst.
Meðaltalsumferð á sólarhring er 1352 ökutæki.

Tími sólarhrings:

17:34

Ökutæki:

Toyota Hiace

Mercedes Benz vörubifreið með VSS Flexer eftirvagn

VW Touareg

Samantekt

Síðdegis 28. ágúst 2014 var sendibifreið ekið aftan á fólksbifreið sem numið hafði staðar á Hafnarvegi. Við áreksturinn snérist sendibifreiðin á hlið og rann framan á vörubifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður sendibifreiðarinnar lést í slysinu. Í skýrslunni birtir Rannsóknarnefnd samgönguslysa nokkrar tillögur í öryggisátt sem lesa má aftast í skýrslunni.

Lýsing á slysi

Síðdegis 28. ágúst 2014 var Toyota Hiace sendibifreið ekið norður Hafnarveg frá Höfn í Hornafirði. Í bílnum var einn farþegi auk ökumanns. Framar á veginum var VW Touareg fólksbifreið ekið í sömu átt með einn farþega auk ökumanns. Við Stekkakeldu stöðvaði ökumaður VW bifreiðina á veginum og setti hættuljósinn á. Að sögn ökumanns stöðvaði hann bifreið sína í vegkantinum í eina til tvær mínútur á meðan hann og farþegi voru að leita gagna í farangri sínum. Um svipað leyti var vörubifreið með festivagn ekið úr gagnstæðri átt. Að sögn ökumanns VW bifreiðarinnar var hann við það að leggja af stað þegar Toyota sendibifreiðin ók aftan á vinstra afturhorn VW bifreiðarinnar. Snerist sendibifreiðin við áreksturinn og skall á hlið framan á vörubifreiðina sem kom úr gagnstæðri átt. Ummerki á vettvangi benda til þess að ökumaður Toyota sendibifreiðarinnar hafi snögghemlað um 25 metrum aftan við VW bifreiðina áður en hann ók aftan á hana. Var sendibifreiðin á miðjum veginum við upphaf hemlunar.



Mynd 1: Myndin er tekin í akstursátt Toyota Hiace sendibifreiðarinnar við upphaf hemlufara.

Ökumaður vörubifreiðarinnar kvaðst hafa veitt VW bifreiðinni eftirtekt þar sem henni var lagt á veginum með hættuljósinn á. Kvaðst hann hafa séð sendibifreiðina fara yfir miðlínu vegarins líkt og ökumaður hennar hefði verið að hefja framúrakstur rétt áður en hann nauðhemlaði. Ökumaður vörubifreiðarinnar kvaðst hafa greint hættuna framundan, hann hafi hemlað og vikið til hægri. Þegar sendibifreiðin rakst aftan á VW bifreiðina sveigði hún til vinstri yfir á vegarhelming vörubifreiðarinnar. Kvaðst ökumaður vörubifreiðarinnar þá hafa beygt til vinstri og reynt að komast á milli hinna bifreiðanna til að afstýra árekstri. Það tókst ekki. Ummerki á vettvangi styðja þessa frásögn.

Skall vinstri hlið sendibifreiðarinnar framan á vörubifreiðina í hörðum árekstri og við það kastaðist sendibifreiðin aftur á bak, yfir og út fyrir veginn vinstra megin. Ökumaður VW bifreiðarinnar kvaðst hafa ekið áfram stuttan spöl eftir aftanákeyrsluna. Að hans sögn og farþega í VW bifreiðinni urðu þeir ekki varir við Toyota sendibifreiðina fyrir aftan sig áður en hægra framhorn hennar rakst á vinstra afturhorn VW bifreiðarinnar.

Ekki er útilokað að ökumaður sendibifreiðarinnar hafi gert sér of seint grein fyrir að VW bifreiðin var kyrrstæð eða á litlum hraða.



Mynd 2: Mynd tekin í akstursátt vörubifreiðarinnar, sjá má hemlaför eftir hana og hvernig ökumaður reyndi að beygja frá sendibifreiðinni til að forða árekstri.

Áverkar

Mikil aflögun varð inn í öikumanssrymi Toyota sendibifreiðarinnar. Ökumaðurinn var fluttur mikið slasaður á Heilsugæsluna á Höfn og kallað var eftir sjúkraflugvél til að flytja hann á sjúkrahús. Hann lést um kvöldið af völdum lífshættulegra áverka. Ökumaðurinn var sennilega ekki spenntur í öryggisbelti. Farþeginn var spenntur í öryggisbelti og slasaðist hann talsvert í slysinu. Ökumaður og farþegi VW bifreiðarinnar og ökumaður vörubifreiðarinnar hlutu lítil eða engin meiðsli í slysinu.

Ökutækini

Bifreiðarnar voru teknar til skoðunar eftir slysið. Hjólbarðar Toyota sendibifreiðarinnar voru lélegir en þó innan þeirra marka sem krafist er. Engar aðrar athugasemdir komu fram við skoðun á þeirri bifreið.

Engar athugasemdir voru gerðar við ástand VW bifreiðarinnar.

Ekkert kom fram við skoðun á vörubifreiðinni né eftirvagninum sem skýrir orsök slyssins en í ljós kom að slag var í stýrisenda og engin hemlun var hægra megin á ás tvö á eftirvagninum. Þrátt fyrir bilun í hemlabúnaði á vagninum var heildarhemlun vagnlestarinnar yfir lágmarkskröfum sem gerðar eru í reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004 með síðari breytingum. Heildarþyngd vagnlestarinnar var mæld með farmi og reyndist hún vera tæp 42 tonn en leyfð heildarþyngd er 44 tonn.



Mynd 3: Áætluð staða ökutækjanna á veginum þegar Toyota sendibifreiðin lenti aftan á VW bifreiðinni. Myndin er teiknuð út frá ummerkjum á vettvangi og ákomum á bifreiðarnar.

Ökuhraði

Hraði vörubifreiðarinnar var samkvæmt ökuritaskífu 89 km/klst rétt fyrir slysið. Ökumaðurinn hemlaði rétt fyrir áreksturinn og gefur ökuritaskífan til kynna að hraði hennar hafi verið um 52 km/klst þegar sendibifreiðin lenti framan á henni.

Útreiknaður hraði Toyota Hiace sendi-bifreiðarinnar gefur til kynna að hraðinn hafi verið á bilinu 80 til 92 km/klst áður en hemlun hófst, og að líklegasti hraði hafi verið 86 km/klst.

Ökumaður VW bifreiðarinnar var sennilega við að leggja af stað þegar áreksturinn átti sér stað.

Vegur og umhverfi

Á slysstað liggur vegurinn í mjúkri beygju og með tæplega 7 metra breiðu slitlagi. Útsýni fram á veginn er gott í báðar áttir. Yfirborðið var þurr og veður ágætt, líttill vindur, skýjað en gott skyggni. Gerð var viðnámsmæling á vegyfirborðinu og sýndu niðurstöður hennar gott vegviðnám. Ljóst er af ummerkjum á vettvangi og ákomustöðum á bifreiðunum að VW bifreiðin var nokkurn veginn á miðri akrein þegar sendibifreiðin skall aftan á henni.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstöður áfengis- og lyfjarannsóknar var neikvæð á ökumanni Toyota sendibifreiðarinnar. Niðurstöður áfengisrannsóknna á öikumönnum vörubifreiðarinnar og VW bifreiðarinnar voru einnig neikvæðar.

Orsakagreining

- Ökumaður VW bifreiðarinnar stöðvaði bifreið sína á veginum.
- Ökumaður Toyota bifreiðarinnar mat aðstæður ranglega er hann gerði tilraun til framúraksturs.

Tillögur í öryggisátt

Stöðvun bifreiða á þjóðvegum skapar hættu.

Nauðsynlegt getur verið að stöðva ökutæki á þjóðvegum og þurfa allir ökumenn að vera við því búnir að bregðast við ef fyrirstaða er á veginum fyrir framan, t.d. bifreið eða dýr. Hins vegar skapar það hættu að stöðva ökutæki á akbraut og ökumenn ættu ávallt að leggja utan akbrautar. Víða eru þjóðvegir á Íslandi ekki breiðari en svo að ekki er hægt að stöðva ökutæki úti í vegkanti án þess að hluti þeirra standi inn á akbrautinni. Í 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum er kveðið á um að ökumaður skuli ekki stöðva ökutæki á þeim stað eða þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferð. Þekkt er m.a. að ferðamenn stöðvi bifreiðar sínar á vegum til þess að taka myndir sem getur skapað verulega hættu í umferðinni.

Leggur nefndin því til við Samgöngustofu að koma því á framfæri við ökumenn, m.a. erlenda ferðamenn, að alvarleg hættu skapast þegar ökutæki er stöðvað á þjóðvegi.

Hemlar eftirvagna

Í nokkrum slysum sem Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur rannsakað hefur komið í ljós að hemlar eftirvagna vörubifreiða hafa verið í ólagi. Í október 2007 var farið í sérstakt umferðareftirlit með vörubifreiðum og niðurstöður úr því eftirliti voru að af 10 festi- og tengivögnum voru einungis tveir í fullkomnu lagi, sjö fengu endurskoðun og tveir lagfæringu. Bendir þessi niðurstaða sem og niðurstöður úr rannsóknum banaslysa að viðhaldi og eftirliti sé ábótavant. Í skýrslu nefndarinnar um banaslys sem varð á Eyrarbakkavegi við Kaldaðarnesveg í apríl 2008 birti nefndin ábendingu varðandi þetta atriði og ítrekar nú mikilvægi þess að reglulega sé fylgst með ástandi eftirvagna.

Nefndin hvetur eigendur til að skoða verklag hjá sér sem og til þess að vegaeftirlit Lögreglunnar taki þetta atriði til sérstakrar skoðunar.

Meðferð slasaðra eftir háorkuáverka

Farþeginn í Toyota sendibifreiðinni var tekinn til skoðunar strax eftir slysið á heilsugæslu og virtist hann ekki mikið slasaður. Fylgst var með honum í nokkurn tíma og fékk hann aðhlyningu. Hann fékk síðan að fara til síns heima en leitaði aftur á heilsugæslu morguninn eftir mikið kvalinn. Við nánari skoðun á sjúkrahúsi kom í ljós að hann hafði hlotið alvarlega áverka sem ekki höfðu verið greindir deginum áður. Áreksturinn fellur samkvæmt skilgreiningu Landlæknis undir háorkuáverka. Að mati Rannsóknarnefndar samgönguslysa ætti ávalt að flytja slasaða sem falla undir þá skilgreiningu á sjúkrahús þar sem góð greiningar- og meðferðaraðstaða er fyrir hendi til að meðhöndla áverka sem af slíkum slysum geta hlotist.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Landlæknis að þessi vinnuregla sé viðhöfð.

Ábending**Framúrakstur**

Ef slys verður við framúrakstur á þjóðvegahraða þá eru miklar líkur á að afleiðingarnar verði alvarlegar. Reglulega verða slys við framúrakstur og hefur Rannsóknarnefnd samgönguslysa rannsakað nokkur þeirra. Nefndin bendir á, að mikilvægt er að hafa fulla aðgát við framúrakstur og nauðsynlegt er að velja stað og stund þannig að unnt sé án hættu að taka framúr öðru ökutæki.

Skýrsluna samþykktu:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson
Stjórnandi rannsókna

Reykjavík 16. febrúar 2016
Rannsóknarnefnd samgönguslysa